



Ungmennafélag Íslands

Reykjavík, 28. febrúar 2014

Hafnarfjarðarkaupstaður

Stjórn Ungmennafélags Íslands hefur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum frá **sambandsaðilum UMFÍ** um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 6. Landsmóts UMFÍ 50+ árið 2016.


Sambandsaðilar UMFÍ þurfa **samþykki þess sveitarfélags** þar sem mótið skal haldið. Stjórn UMFÍ ákvað því að senda öllum sveitarstjórnum í landinu auglýsingu af umsókn um 6. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2016. **Tekið skal fram að það er sambandsaðili UMFÍ sem sendir inn umsóknina í sínu nafni en með þarf að fylgja bréf þar sem sveitarfélagið samþykkir stuðninginn við umsóknina. Sveitarfélagið getur því ekki sótt um að halda Landsmót UMFÍ 50+ í sínu nafni.**

Ákveðið hefur verið að gera breytingu á kynningu vegna umsóknar þannig að umsóknaraðilar geti sent á rafrænu formi kynningu sína á netfangið umfi@umfi.is eða á USB lykli sem fylgir umsókninni. Kynningin skal ekki vera lengri en 10. mínútur.


Umsóknum um að halda 6. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2016 skal skila til þjónustumiðstöðvar UMFÍ fyrir 30. apríl 2014.

Ef einhverjar frekari upplýsinga er óskað þá erum við í þjónustumiðstöð UMFÍ fús að veita þær í síma 568-2929 eða í tölvupósti á umfi@umfi.is.

Virðingarfyllt,


Sæmundur Runólfsson
framkvæmdastjóri UMFÍ

Meðfylgjandi þessu bréfi er auglýsingin sem birt verður í fjölmiðlum.
Afrit sent á sambandsaðila UMFÍ.



Ungmennafélag Íslands
Sigtúni 42 • 105 Reykjavík
sími 568 2929 • umfi@umfi.is • www.umfi.is



Ungmennafélag Íslands



ganga.is



LEIÐTOGA
SKÓLINN



UMFÍ
LANDSMÓT



UMFÍ
UNGLINGA
LANDSMÓT



UMFÍ
LANDSMÓT 50+



6. LANDSMÓT UMFÍ 50+

Umsóknir óskast um að halda 6. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2016

Ungmennafélaga Íslands óskar eftir umsóknum frá sambandsaðilum og sveitarstjórnnum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 6. Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður á árinu 2016.

Mótið er sérstaklega ætlað einstaklingum 50 ára og eldri.

Framkvæmd mótsins verður í höndum Ungmennafélags Íslands, þess sambandsaðila sem tekur mótið að sér og sveitarfélagsins þar sem mótið verður haldið.

**Umsóknum skal skila inn á þjónustumiðstöð UMFÍ,
Sigtúni 42, Reykjavík, fyrir 30. apríl 2014.**

Nánari upplýsingar eru gefnar á þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands, Sigtúni 42, Reykjavík, í síma 568 2929.

UNGMENNAFÉLAG
ÍSLANDS
www.umfi.is

